

hefur þess gætt á vettvangi skattalaga, að dómstólar hafa staðfest að þau hafi afturvirk áhrif, en telja verður að sérstaða skattalaga sé slík, að þær niðurstöður gefi ekki almennt fordæmi um afturverkun íþyngjandi laga.

Framangreind 21. gr. laga nr. 16/1965 leggur greiðsluskyldu á fáa aðilja vegna starfa, sem unnin voru mörgum árum eða áratugum fyrir gildistöku laganna. Telja verður, að slík afturvirkni íþyngjandi laga brjóti svo í bága við óskráðar grundvallarreglur íslensks stjórnskipunarréttar, að framangreint lagaákvæði fái ekki staðist að því leyti sem afturvirk áhrif þess varðar. Verður krafa stefnanda á hendur stefnda vegna Margrétar Jóhannesdóttur því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari kvað upp dóm þennan, en undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 15. september sl.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Rauði Kross Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, í máli þessu.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1985.

Nr. 148/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Helga Helgasyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 31. maí 1985 og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar. Dómkröfur ákæruvaldsins fyrir Hæstarétti eru þær, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um „sakfellingu í öllum fjórum ákæru-liðum í báðum ákærum og á ákvæðum um greiðslu sakarkostnaðar og greiðslu skaðabóta til séra Kjartans Arnar Sigurbjörnssonar, þó þannig, að ákærði verði ekki sakfelldur samkvæmt fyrri ákæru (útgefinni 18. maí 1984) fyrir 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga (broti ekki lýst í ákæru), en bæði refsing ákærða og ákvörðun um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi verði þyngd.“ Þá er þess krafist, að ákærði verðir dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sakasóknarlaun til rikissjóðs.

Af hálfu verjanda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði mildaður og verði frelsissvipting ákveðin, verði hún skilorðsbundin og málsvarnarlaun verði greidd af rikissjóði.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 22. ágúst 1985.

Svo sem fram kemur í kröfugerð ákæruvalds fyrir Hæstarétti, er í ákæru frá 18. maí 1984 hvorki ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 né broti á því lagabodði lýst í ákæruskjali. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn þessu lagabodði, svo sem gert var í héraðsdómi.

Í ákæruskjali frá 4. september 1984 er ákærði m.a. ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga, en í ákæruskjali er ekki lýsing á því, hvaða athafnir ákærða eigi að teljast brjóta gegn lagabodði þessu, né heldur verður það ráðið af lýsingu í 2. tölulið ákæruskjalsins. Verður ákærði því sýknaður af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti þykir mega fallast á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu brota samkvæmt ákæruskjali frá 18. maí 1984 og 1. lið ákæru frá 4. september 1984, en heimfærsla brota samkvæmt 2. lið síðarnefndrar ákæru, sem ekki er tilgreind í héraðsdómi, verður til 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr., og 2. mgr. 41. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

Svo sem að framan greinir, krefst ákæruvald staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur. Af ákærða hálfu er krafist sýknu af 2. lið ákæru frá 4. september 1984 og þá jafnframt að

bótakröfu vegna Kjartans Arnar Sigurbjörnssonar verði vísað frá dómi, en bótaákvæði héraðsdóms er eigi mótmælt tölulega. Kemur því ekki til álita að taka bótaákvæði héraðsdóms til endurskoðunar.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi í 4 mánuði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að ákærði, Helgi Helgason, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 25. febrúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ.m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með tveimur ákæruskjölum, hinu fyrra dagsettu 18. maí 1984, en hinu síðara dagsettu 4. september 1984, á hendur Helga Helgasyni sjómanni, Birkihlíð 20, Vestmannaeyjum, fæddum 18. ágúst 1964 í Keflavík.

Í fyrrgreinda ákæruskjalinu er opinbert mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 11. mars 1984, tekið bifreiðir í heimildarleysi í Vestmannaeyjum og ekið þeim undir áhrifum áfengis svo sem rakið er:

1.

Tekið bifreiðina V-1585 við Faxastíg 4 og ekið henni um götur í kaupstaðnum uns hann festi bifreiðina utan vegar skammt sunnan við Steinsstaði.

2.

Tekið bifeiðina V-782 í steypustöð Áshamars h.f. og ekið henni vítt og breitt um kaupstaðinn uns hann hætti akstri við fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956 og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
leyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í síðargreinda ákæruskjalinu er málið höfað gegn ákærða „fyrir eftir-
greind brot gegn umferðarlögum og hegningarlögum.

1.

Laugardaginn 6. ágúst 1983, ekið bifreiðinni R-39861 um götur Ísa-
fjarðarkaupstaðar undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum uns
akstrinum lauk við félagsheimilið í Hnífsdal þar sem lögreglumenn höfðu
afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr.
80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

2.

Aðfaranótt sunnudagsins 25. september 1983 tekið í heimildarleysi bif-
reiðina V-1108 á bifreiðastæði við Akogeshúsið í Vestmannaeyjum og ekið
henni, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, á bifreiðina V-134,
sem stóð þar á stæðinu kyrrstæð og mannlaus, og aka síðan af vettvangi,
án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna árekstursins, um götur
kaupstaðarins uns bifreiðin hafnaði utan vegar á Þrælæiði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,
1940 sbr. lög nr. 20, 1956 og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27.
gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
leyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og
til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Ákæra, dagsett 18. maí 1984.

Sunnudaginn 11. mars 1984, kl. 10:35, barst lögreglunni í Vestmanna-
eyjum tilkynning þess efnis, að bifreiðin V-1585 væri utan vegar skammt
sunnan við Steinsstaði, mannlaus.

Þrjár lögreglumenn fóru á vettvang. Þar utan vegar var umrædd bifreið
ólæst, kveikjúláslyklar hvergi sjáanlegir. Ökumaður var hvergi nærri. Haft
var samband við umráðsmann bifreiðarinnar, Agnar Helgason, Faxastíg 4,
og hann inntur eftir ferðum hennar. Upplýsti hann, að bifreiðin hefði
staðið ólæst við heimili hans. Kvað hann kveikjúlásinn bilaðan, en hægt
væri að gangsetja bifreiðina, t.d. með hníf eða skrúfjárn. Hann kvaðst
ekki hafa ekið bifreiðinni og hefði hún því verið tekin í heimildarleysi.

Lögreglumenn hófu þegar leit að hugsanlegum ökumanni og ræddu m.a. í því skyni við íbúa nálæggra húsa, en án árangurs.

Bifreiðin mun hafa reynst óskemmd, og eru engar bótakröfur hafðar uppi vegna töku hennar.

Sama dag, kl. 13:05, hafði Magnús Magnússon starfsmaður Áshamars h.f. í Vestmannaeyjum, samband við lögregluna þar í kaupstaðnum. Skýrði hann frá því, að þá um nóttina hefði verið brotist inn í steypustöð fyrir-tækisins við Ofanleitisveg og bifreiðin V-782 tekin í heimildarleysi.

Ólafur R. Sigurðsson varðstjóri fór á vettvang. Við athugun kom í ljós, að hurð á austurgafli hússins hafði verið brotin upp, og fundust verkfæri utanhúss. Við nánari athugun kom einnig í ljós, að brotist hafði verið inn í trésmíðaverkstæði Valgeirs Jónssonar, sem er skammt frá, og reyndust áðurnefnd verkfæri þaðan komin. Ennfremur kom í ljós, að þar höfðu horfið 2 pennar, ljósbláir að lit, einnig að blóð var innan við gluggarúðu þá, sem hafði verið brotin.

Hafin var leit að bifreið þessari, og fannst hún mannlauus við fiskimjöls-verksmiðju Einars Sigurðssonar, en kveikjúláslyklar voru í kveikjúlásnum. Vél bifreiðarinnar reyndist köld viðkomu. Bifreiðin var færð að lögreglu-stöð og skemmdir kannaðar. Reyndust þær vera sem hér segir: Hægri hliðarrúða brotin, hægri hlið rispuð og vinstri afturaurhlíf skemmd.

Upplýst var, að kveikjúláslyklar höfðu verið í bifreiðinni og dyr ólæstar.

Kl. 09:00 sama dag hafði verið óskað eftir lögreglu að húsinu nr. 6 við Hólagötu þar í kaupstaðnum vegna ölvaðs manns, sem ylli þar ónæði. Fóru tveir lögreglumenn á vettvang, og stóð umræddur maður, ákærði í máli þessu, við útidyrnar og sparkaði án afláts í hurðina. Höfðu lögreglumennirnir tal af honum, en þrátt fyrir itrekaðar tilraunir þeirra til að fá hann til að hætta að berja og sparka í hurðina hélt hann áfram uppteknum hætti. Hugðust lögreglumennirnir nú leiða ákærða brott. Snerist hann þá gegn þeim, og urðu þeir að færa hann í handjárn, en að svo búnu var hann færður á lögreglustöð og þar í fangageymslu.

Í fötum ákærða fundust 2 pennar, bláir að lit, en á þeim voru blóðblettir svo og í fóðri í vasa þeim, sem pennarnir fundust. Einnig reyndist ákærði lítillaga blóðugur á hendi.

Kl. 11:00 kom læknir á lögreglustöð og tók blóðsýni úr ákærða. Í blóð-sýninu reyndist magn alkóhóls vera 1.65‰.

Við lögreglurannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 20:00, laugardagskvöldið 10. mars sl. í Drifanda við Bárustíg. Hefði hann setið þarna að drykkju fram undir miðnætti, en þá farið á dansleik á skemmtistaðnum Skansinum. Eftir að dansleik lauk þar, um kl. 02:30, kvaðst ákærði hafa farið aftur að Drifanda, en ekki fengið inngöngu. Honum hefði þó tekist að komast inn, en verið vísað út.

Eftir það kvaðst ákærði hafa farið að Faxastíg 4, farið inn í bifreiðina V-1585, gangsett hana og ekið henni um götur kaupstaðarins og niður á Nausthamarsbryggju, þar sem hann hefði farið um borð í loðnuskipið Sigurð RE 4, ræst þar kunningja sinn, sem síðan hefði farið í land með honum og tekið við stjórn bifreiðarinnar og ekið ákærða að Hólagötu 6. Þaðan hefði hann ekið að húsinu Mandal við Strandveg, þar sem þeir hefðu farið inn og sest að drykkju. Kunningi ákærða hefði síðan farið um borð í skip sitt, en sjálfur kvaðst ákærði hafa farið skömmu síðar út í bifreiðina V-1585 og ekið henni suður á eyju, en er hann var kominn skammt suður fyrir Steinsstaði hefði hann ekið út af veginum, er hann var að snúa bifreiðinni við.

Ákærði fór því næst upp að steypustöð Áshamars h.f. í Ofanleitislandi og braust þar inn, en áður hafði hann aflað sér verkfæra til innbrotsins með því að brjótast inn í trésmíðaverkstæði Valgeirs Jónssonar, sem er skammt frá húsi Áshamars h.f. Inni í steypustöðvarhúsinu stóð jeppa-bifreið af Volvogerð, sem ákærði fór inni og gangsetti, en kveikjúláslykillinn hafði verið skilinn eftir í kveikjúlásnum. Opnaði ákærði nú dyr á húsinu og ók bifreiðinni út, en ók þá utan í dyrakarminn, sem vinstri hlið jeppans straukt utaní. Ók ákærði nú suður á eyju, sneri þar við, en því næst beina leið niður í kaupstaðinn og lauk akstrinum sunnan við loðnuþrær fiskimjölverksmiðju Einars Sigurðssonar, þar sem hann yfirgaf bifreiðina. Fór ákærði því næst að Drifanda við Bárustíg, leitaði þar inn göngu, en var meinud hún. Þaðan fór hann að Hólagötu 6, þar sem lögreglan handtók hann, svo sem fyrr segir.

Ákærði kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Ákærða var birt ákæran hinn 18. janúar sl. Hann kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæruskjali.

Ákærði kvað það rétt vera, að hann hefði tekið bifreiðina V-1585 í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 11. mars 1984 við hús nr. 4 við Faxastíg í Vestmannaeyjum og ekið henni undir áfengisáhrifum, uns hann festi bifreiðina skammt sunnan við Steinsstaði. Kvaðst hann í greint sinn hafa verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Í framhaldi af akstri ofanefndar bifreiðar kvaðst ákærði hafa tekið í heimildarleysi bifreiðina V-782 í steypustöð Áshamars h.f. í Ofanleitislandi og ekið henni undir áhrifum áfengis víðsvegar um götur Vestmannaeyjakaupstaðar, þar til hann hætti akstri við fiskimjölverksmiðju Einars Sigurðssonar.

Visaði ákærði til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu um málavexti bæði varðandi 1. og 2. lið ákærunnar jafnframt því að staðfesta nafnritun sína undir hana.

Með afdráttarlausri játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem studd er öðrum gögnum málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er heimfærð til rétttra refsíákvæða. Þess er þó að geta, að ákærði var á greindum tíma sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi skv. dómi, uppkveðnum 5. apríl 1983. Varðar því háttsemi hans einnig við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

II. Ákæra, dagsett 4. september 1984.

1.

Laugardaginn 6. ágúst 1983, um kl. 07:30, barst lögreglunni á Ísafirði tilkynning um ógætilegan akstur brúnnar fólksbifreiðar með R-númeri. Kvaðst tilkynnandi hafa verið á gangi norður Skutulsfjarðarbraut á vinstri vegarbrún, er bifreið þessi hefði komið aftan að honum á miklum hraða.

Yfirlögregluþjónn umdæmisins fór að svipast um eftir bifreið, sem gæti átt við þá lýsingu, sem tilkynnandi gaf. Eftir skamma leit fann hann bifreið, sem var kyrrstæð á planinu við félagsheimilið í Hnífsdal, og var ökumaður hennar, ákærði í máli þessu, undir stýri, en auk hans voru í bifreiðinni þrír farþegar. Óskaði lögregluþjónninn eftir, að ákærði kæmi með honum á lögreglustöðina, þar sem honum virtist útlit hans bera með sér, að ekki væri allt sem skyldi. Þegar farið var að ræða við ákærða á lögreglustöðinni, lagði áfengisþef frá vitum hans. Var ákærði þá inntur eftir áfengisneyslu, og svaraði hann því til, að hann hefði ekki neytt áfengis síðan um miðnætti og þá einungis tveggja glasa af brennivíni. Ákærði var hinn kurteisasti í framkomu og eigi hægt að greina sýnileg áfengisáhrif. Þegar ákærði var beðinn að framvísa ökuskirteini kvaðst hann vera búinn að glata því. Var þá haft símasamband við lögregluna í Vestmannaeyjum, og fékkst þá upplýst, að ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum í 1 ár hinn 20. apríl 1983.

Kl. 08:34 kom læknir á lögreglustöð og tók blóðsýni úr ákærða.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða þannig lýst, að áfengisþefur af andardrætti hafi verið nokkur, andlit eðlilegt, fatnaður velktur, framkoma kurteisleg, augu rauð og vot, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist alkóhólmagn í blóði 0,76‰.

Ákærði kom fyrir sakadóm hinn 14. desember 1983. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis milli kl. 04 og 05 hinn 6. ágúst 1983. Kvaðst hann þá hafa verið í bifreiðinni R-39861 og ekið henni um götur Ísafjarðarkaupstaðar. Síðar um morguninn hefði hann farið í hús eitt í Hnífsdal, en því næst farið út í bifreiðina og haldið áfram akstri, uns akstri lauk við félagsheimilið í Hnífsdal. Kvaðst ákærði hafa lagt bif-

reiðinni í bifreiðastæði félagsheimilisins og þar hefði lögreglan komið að honum.

Ákærði kvaðst hafa drukkið 1-2 glös af brennivínsblöndu, en ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvaðst hafa verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að beiðni ríkissaksóknara voru lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða greint sinn, yfirheyrðir nánar um ástand hans og útlit með hliðsjón af sakargiftum. Tekið skal fram, að hér var um lögreglurannsókn að ræða.

Vitnið Magnús Ólafs Hansson kvaðst muna mjög óljóst eftir þessu tilviki, enda hefði það lítil afskipti haft af málinu.

Upphaf þessa máls hefði verið, að snemma um morguninn, en þá var vitnið á vakt, hefði maður komið á lögreglustöðina og kvartað undan akstri þessarar bifreiðar. Kvaðst vitnið sérstaklega muna eftir því, að maður sá, sem kom þarna og kvartaði, hefði verið mjög æstur og hann hefði greinilega verið í geðshræringu. Vitnið kvaðst hvorki muna, hvaða lögreglumaður fór að leita að bifreið þessari né vita hvar hann hefði fundið hana, en taldi, að hann hefði komið einn með ökumanninn á lögreglustöðina.

Vitnið kvaðst hvorki muna, hvernig ástandi þessa ökumanns var háttað né heldur eftir framkomu hans á lögreglustöðinni.

Vitnið Bragi Beinteinsson yfirlögregluþjónn skýrði svo frá, að tilkynning hefði komið frá lögreglustöðinni um ógætulegan akstur bifreiðar.

Þegar það hefði haft upp á ákærða við félagsheimilið í Hnífsdal, hefði ekkert bent til þess, að um ölvun væri að ræða. Þess vegna hefði það látið ákærða aka frá félagsheimilinu að lögreglustöðinni.

Það hefði ekki verið fyrr en vitnið var komið með ákærða inn á skrifstofu sína og búið var að ræða við hann nokkra stund, sem það fann, að áfengisþef lagði frá vitum hans, og þá farið að spyrja hann, hvort hann hefði verið að neyta áfengis, og hefði ákærði þá skýrt frá því, að hann hefði drukkið tvö glös um miðnættið.

Loks lét vitnið þess getið, að ekkert hefði verið í fari ákærða, sem bent hefði til þess, að hann hefði verið að neyta áfengis.

Ákærða var birt ákæran hinn 18. janúar sl. Hann kvað það rétt vera, að laugardaginn 6. ágúst 1983 hefði hann ekið bifreið sinni, R-39861, um götur Ísafjarðarkaupstaðar undir áfengisáhrifum, þar til akstrinum lauk við félagsheimilið í Hnífsdal, en þar hefði lögreglumaður haft afskipti af honum. Hins vegar hefði hann ekki ekið bifreiðinni sviptur ökuréttindum, heldur sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá hátt-

semi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er heimfærð til rétttra refsíákvæða.

2.

Sunnudaginn, 25. september 1983, kl. 02:30, kom Magnús Sveinsson, Fjólugötu 9, Vestmannaeyjum, á lögreglustöðina þar í kaupstaðnum þeirra erinda að tilkynna að ekið hefði verið á bifreið hans, V-134, þar sem hún stóð í bifreiðastæði sunnan við Akogeshúsið. Með Magnúsi komu á lögreglustöðina nokkur ungmenni, þ.á m. Sigurður Friðrik Karlsson, Strembugötu 25, Vestmannaeyjum, sem upplýsti, að bifreiðinni V-1108 hefði verið ekið á bifreiðina V-134, en henni síðan ekið brott.

Fimm mínútum síðar kom Kjartan Örn Sigurbjörnsson, Hólagötu 42, Vestmannaeyjum, á lögreglustöðina og skýrði frá því, að bifreið hans, V-1108, hefði verið tekin í heimildarleysi, þar sem hún hefði staðið í bifreiðastæði við Akogeshúsið. Hann kvaðst hafa skilið bifreiðina eftir ólæsta og með kveikjúláslykli í kveikjúlás.

Þrjú lögreglumenn fóru að svipast um eftir bifreiðinni, og kl. 03:30 fannst hún á Þrælaeiði. Hafði henni verið ekið upp á steiptan skolprásarbrunn og sat þar á undirvagninum. Kveikjúláslykill var í kveikjúlás og undir stýri sat maður, sem svaf ölvunarsvefni. Færðu lögreglumennirnir manninn, ákærða í máli þessu, undan stýri bifreiðarinnar yfir í lögreglubifreið og þaðan á lögreglustöð. Þar aðspurður kannaðist ákærði, sem var ofurólvi, ekki við að hafa verið að aka bifreiðinni V-1108.

Kl. 04:05 kom læknir á lögreglustöð og tók blóðsýni úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni V-1108 voru: Hægri afturaurhlíf, afturhoggvari og þústgrein, allt dældað, steypufar á hlíf (pönnu) undir vél. Ennfremur benti eigandi bifreiðarinnar um morguninn á dæld á framhögvara, sem hann kannaðist ekki við.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni V-134 voru: Vinstri afturaurhlíf og afturhoggvari, hvort tveggja dældað, og vinstra afturljósker brotið.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða þannig lýst, að áfengisþefur af andardrætti hafi verið sterkur, andlit þrútið, fatnaður velktur, hann hafi verið ósvifinn og kærulaus í framkomu, augu blóðhlaupin, jafnvægi mjög óstöðugt, málfar þvöglulegt og stamandi og framburður ruglingslegur og samhengislaus.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist magn alkóhóls í blóði 2,47‰.

Við lögreglurannsókn málsins kvaðst ákærði muna það eitt um ferðir sínar, að hann hefði verið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja, en

síðan myndi hann ekkert eftir sér, fyrr en hann var staddur við oliugeymana á Eiðinu og verið þar einn sins liðs í bifreið.

Vitnið Deirdre Browne skýrði svo frá við lögreglurannsókn málsins, að það hefði farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja laugardagskvöldið 24. september 1983 ásamt ákærða og Brynju og Berglindi, systur hans. Um kl. 02:30 hefðu þau ákærði, vitnið og Brynja farið út af dansleiknum og gengið upp Kirkjuveg.

Er þau voru komin að Stakagerðistúni handan gatnamóta Hilmisgötu, hefði ákærði lagst þar á túnið og sofnað ölvunarsvefni. Kvaðst vitnið þá hafa farið aftur á dansleikinn, en Brynja hefði aftur á móti farið heim til sín. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög ölvadan og hefðu þær skilið hann eftir sofandi þarna á túninu.

Vitnið kvaðst hafa farið út af dansleiknum laust fyrir kl. 03 og ekki hafa orðið vart við ákærða, eftir að það yfirgaf hann sofandi á túninu.

Vitnið Sigurður Friðrik Karlsson skýrði svo frá við lögreglurannsókn málsins, að það hefði verið á gangi á Hilmisgötu ásamt unnustu sinni laust fyrir kl 02:30, umrædda nótt. Hefðu þau gengið austur götuna og örskömmu áður en þau komu að bifreiðastæðinu við Akogeshúsið, hefði það séð, hvar brúnni Daihatsubifreið var ekið aftur á bak frá Akogeshúsinu og hafnaði á Volvobifreið, sem stóð gegnt áðurnefndu húsi. Bifreiðinni hefði síðan verið ekið út af stæðinu og upp Kirkjuveg. Vitnið kvaðst ekki hafa getað greint, hver ók bifreiðinni, en séð að einungis einn maður var í henni.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis milli kl. 20 og 21 hinn 24. september 1983 á heimili sínu. Kvaðst hann hafa drukkið brennivínsblöndu, en hve mikils magns hann neytti þá um kvöldið og nóttina, væri hann ekki viss, en giskaði á að það hefði verið ein flaska.

Um kl. 23 kvaðst ákærði hafa farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja og haldið þar áfram áfengisneyslu. Kvaðst hann hafa verið á dansleiknum, þar til skömmu áður en honum lauk, en þá hefði hann farið upp á Stakagerðistún ásamt Brynju systur sinni og Deirdre, unnustu sinni. Ákærði sagði, að þar hefði svifið mjög á hann og það næsta sem hann myndi væri, að hann hefði vaknað undir stýri bifreiðar á Eiðinu. Hefði hann sofnað fljótlega aftur og næst myndi hann eftir sér á lögreglustöðinni.

Ákærði kvaðst hvorki geta játað því né neitað, að hafa ekið bifreiðinni V-1108 frá Akogeshúsinu við Hilmisgötu út á Eiði. Hins vegar hefði hann frétt það síðar að bifreið sú, sem hann var í á áðurnefndum stað, hefði einmitt verið ofanefnd bifreið.

Vitnið Deirdre Browne skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja ásamt ákærða umrætt kvöld, um

kl. 23:30, en áður hefði ákærði verið búinn að neyta áfengis á heimili þeirra að Hólagötu 27. Þá kvað vitnið ákærða einnig hafa neytt áfengis á dansleiknum.

Um kl. 02 kvaðst vitnið hafa yfirgefið dansleikinn ásamt ákærða og Brynju systur hans, en þá hefði hann vart getað staðið í fæturna sakir ölvunar. Hefðu þau þrjú gengið upp Kirkjuveg og upp á Stakagerðistún, þar sem ákærði hefði fljótlega lognast útaf og sofnað ölvunarsvefni. Vitnið kvaðst þá hafa farið á dansleikinn á ný og verið á honum þar til honum lauk, þ.e.a.s. í 15-20 mínútur. Brynja hefði hins vegar farið heim til sín.

Að loknum dansleiknum kvaðst vitnið hafa farið heim til foreldra sinna að Hólagötu 6, en þó ekki gengið upp á Stakagerðistún til að aðgæta, hvort ákærði væri þar ennþá.

Vitnið Brynja Helgadóttir skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði neytt áfengis með ákærða og unnustu hans umrætt kvöld, áður en þau fóru á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja. Vitnið kvaðst muna, að þegar líða tók á dansleikinn, hefði ákærði verið orðinn verulega ölvður. Hefðu þær Deirdre þá tekið þá ákvörðun að fara með ákærða út af dansleiknum og fara með hann heim. Taldi vitnið, að klukkan hefði verið u.þ.b. 01, þegar þau fóru út úr Samkomuhúsinu. Þær hefðu leitt ákærða á milli sín upp á Stakagerðistún nálægt gatnamótum Kirkjuveg og Hilmisgötu, en þar sem hann hefði verið svo þungur, að þær réðu ekki við hann, hefðu þær látið hann leggjast fyrir á túninu skammt frá áðurnefndum gatnamótum. Þar hefði ákærði sofnað ölvunarsvefni. Þær hefðu reynt að vekja hann, en þegar það gekk ekki, hefðu þær yfirgefið hann. Kvaðst vitnið hafa gengið heim til sín, en Deirdre hefði gengið í áttina að Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

Er ákærða var birt ákæran hinn 18. janúar sl., kvað hann í fyrstu háttsemi sinni rétt lýst í ákæruskjali, en nánar aðspurður kvaðst hann sem fyrr hvorki geta játað því né neitað að hafa verið hér að verki og vísaði til fyrri skýrslna sinna við rannsókn málsins.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, liggur ekki fyrir afdráttarlaus játning af hálfu ákærða á þeirri háttsemi, sem ákærða er gefin að sök í þessum lið ákærunnar. Þá liggja heldur ekki fyrir vætti vitna um, hver hafi ekið bifreiðinni V-1108 greint sinn. Hið eina, sem ákærði hefur sagt um sakargiftir er, að hann geti hvorki játað því né neitað að hafa ekið bifreiðinni V-1108 aðfaranótt sunnudagsins 25. september 1983.

Þegar gögn málsins eru virt í heild, þykir þó verða að telja nægilega sannað, að það hafi verið ákærði, sem ók bifreiðinni V-1108 í umrætt sinn. Erú í þessu sambandi einkum höfð í huga þau atriði, að ákærði var í námunda við Akogeshúsið, er hann sofnaði ölvunarsvefni, og ennfremur að er lögreglan fann bifreiðina á Þrælaeiði, var ákærði sofandi undir stýri

hennar. Þá þykir sá framburður ákærða fyrir dómi við þingfestingu málsins, að háttsemi hans væri rétt lýst í ákæru, renna stoðum undir þessa niðurstöðu.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1980 í Vestm.eyjum: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 14/2 1980.
- 1982 25/3 í Vestm. eyjum: Dómur: 6.900 kr. sekt fr. brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. umfl. Sakfelldur f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 30/3 1982.
- 1983 5/4 í Vestm. eyjum: 8.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 1 ár frá 20/4 1983.

Við skoðun á ofanefndum dómum kemur í ljós, að brot þau, sem ákærði var þar sakfelldur fyrir, voru framin 4. október 1980 og 6. júní 1982, og var ákærði því innan 18 ára aldurs, er þau voru framin. Ljóst er því, að þau hafa ekki ítrekunaráhrif á brot þau, sem ákærði er hér sakfelldur fyrir. Á hitt er hinsvegar að líta, að með hinum þremur nytjatöku-brotum, sem hér eru til umfjöllunar, rauf ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, sem um getur í dóminum, sem kveðinn var upp hinn 25. mars 1982. Verður ákærða því ákvörðuð refsing í einu lagi fyrir það brot og þau brot, sem hér eru til umfjöllunar, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi. Þykir svipt-ingartíminn hæfilega ákveðinn 2 ár frá birtingu dómssins.

Kjartan Örn Sigurbjörnsson, eigandi bifreiðarinnar V-1108, hefur lagt fram sundurliðaða bótakröfu á hendur ákærða. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni sem of hárrí. Fjárhæð bótakröfunnar er kr. 22.435 auk vaxta, svo sem lög frekast leyfa (dómvaxta), frá 3. október 1984 til greiðsludags.

Kröfunni þykir vera í hóf stillt, en hæsti liður hennar, þ.e. vinna, er áætlaður. Með hliðsjón af því þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða tjónþola bætur að fjárhæð kr. 20.000 með 19% ársvöxtum frá 3. október 1984 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.
Július B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Helgason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kjartani Erni Sigurbjörnssyni, kr. 20.000 í skaðabætur með 19% ársvöxtum frá 3. október 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1985.

Nr. 257/1985. **Eigandi Skálholts í Biskupstungnahreppi**
gegn
eigendum Hamra í Grímsnesi

Kærumál. Frávísun. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dags. 28. október 1985, sem barst Hæstarétti 21. nóvember 1985. Krefst hann þess „að úrskurði aukadómþingsins verði hrundið og framangreind dómkvaðning fari fram.“

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 9. október 1985. Hvorki aðiljar né umboðsmenn þeirra voru viðstaddir uppsögu hans. Samkvæmt kærubréfi umboðsmanns sóknaraðilja voru málsúrslit úrskurðarins kunngerð honum símleiðis 11. október 1985, og hann tjáði dómaramum þegar í stað, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Endurrit úrskurðarins hafði eigi borist honum, er hann sendi